



Fundargerð

376. fundur velferðarráðs Reykjanesbæjar, haldinn að Tjarnargötu 12,
12. júní 2019, kl. 14:00

Viðstaddir: Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir formaður, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Hrafn Ásgeirsson, Jasmina Crnac, Jónína Sigríður Birgisdóttir, María Gunnarsdóttir forstöðumaður barnaverndar, Sigríður Daníelsdóttir forstöðumaður fjölskyldumála, Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir verkefnastjóri fjölmenningsmála og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

* * *

1. Tilkynning frá Útlendingastofnun um leigu á húsnæði fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd (2019050553)

Lagður fram tölvupóstur frá Útlendingastofnun þar sem fram kemur að óskað hafi verið eftir því við sveitarfélög að auka við þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd en engin jákvæð svör hafi borist. Einnig hafi verið leitað að hentugu húsnæði á suðvesturhorninu. Stofnunin sé í viðræðum um húsnæði á Ásbrú sem væri þá viðbót við það sem fyrir er á svæðinu. Það þýðir að 170 manns gætu verið í þjónustu Útlendingastofnunar á Ásbrú með möguleika á fjölgun í allt að 250 manns.

Velferðarráð hefur ekki legið á skoðunum sínum varðandi málefni einstaklinga sem koma til landsins í leit að alþjóðlegri vernd. Skýr stefna sveitarfélagsins er sú að uppfylla þjónustusamning sem gerður hefur verið við Útlendingastofnun um að sinna þjónustu við fjölskyldur eða einstaklinga í viðkvæmri stöðu, allt að 70 manns, og gera það vel. Í þeirri þjónustu hefur tekist nokkuð vel að aðlaga einstaklinga að samfélaginu og veita stuðning í nærumhverfi á meðan einstaklingarnir bíða eftir úrlausn sinna mála. Á sama tíma hefur Útlendingastofnun skort húsnæði til að taka á móti fleiri einstaklingum og því þurft að leigja húsnæði m.a. í Reykjanesbæ þar sem Útlendingastofnun sér um daglegan rekstur þar sem dvalið geta allt að 100 manns í einu. Þeir einstaklingar tengjast þjónustu sveitarfélagsins ekki á nokkurn hátt. Velferðarráði hugnast ekki sú hugmynd Útlendingastofnunar að stækka þjónustuhóp þeirra í sveitarfélaginu enn frekar og hefur áður leitað til stofnunarinnar og mælt með aðkomu fleiri sveitarfélaga. Mikilvægt er að kynna vel fyrir öðrum sveitarfélögum hver samfélagslegi ávinningurinn er af því að sinna þessari þjónustu. Fulltrúar Reykjanesbæjar eru tilbúnir að taka þátt í þeirri vinnu.

GR.
HFP.
JC.



2. Þjónusta við umsækjendur um alþjóðlega vernd 2019 (2019050553)

Fulltrúar dómsmálaráðuneytis, Berglind Bára Sigurjónsdóttir skrifstofustjóri, Vera Dögg Guðmundsdóttir lögfræðingur og Hanna Rún Sverrisdóttir lögfræðingur mættu á fundinn.

Velferðarráð þakkar fulltrúum dómsmálaráðuneytisins fyrir kynningu þeirra. Eins og áður hefur komið fram hafa Reykjavíkurborg, Hafnarfjörður og Reykjanesbær gert þjónustusamning við Útlendingastofnun en önnur sveitarfélög alfarið getað neitað aðkomu. Velferðarráð minnir enn og aftur á mikilvægi þess að skýr stefna verði mótuð í málaflokknum og að fleiri sveitarfélög komi að borðinu. Huga þarf að stefnumótun á verklagi við móttöku með öðrum sveitarfélögum. Fulltrúar Reykjanesbæjar eru tilbúnir að taka þátt í þeirri vinnu. Velferðarráð leggur áherslu á áframhaldandi samstarf við dómsmálaráðuneytið og Útlendingastofnun varðandi málefni umsækjenda um alþjóðlega vernd.

3. Lýðheilsuvísar 2019 - Suðurnes (2019060174)

Hafþór B. Birgisson, íþróttá- og tómskundafulltrúi, mætti á fundinn. Hann kynnti forvarnarstarf sem unnið er í Reykjanesbæ og fór yfir niðurstöður Lýðheilsuvísa fyrir Suðurnes árið 2019.

Velferðarráð þakkar fyrir góða kynningu.

4. Neyðarsjóður - erindi frá Fjölskylduhjálpar Íslands (2019051283)

Fulltrúar Fjölskylduhjálpar hafa boðið velferðarráði í heimsókn til að kynna starfsemina betur. Velferðarráð þiggur boðið og setur í hendur sviðsstjóra að finna heppilega tímasetningu. Afgreiðslu styrkbeiðninnar frestað þar til frekari upplýsingar liggja fyrir.

5. Félagsþjónusta - lögmæti skilyrðis um lágmarkslengd búsetu (2019051947)

Lagt fram bréf frá félagsmálaráðuneytinu til samtaka félagsmálastjóra á Íslandi varðandi álit félags- og barnamálaráðherra um lögmæti skilyrðis um lágmarkslengd búsetu í sveitarfélagi til að öðlast rétt til félagsþjónustu. Þar er því beint til sveitarfélaga sem sett hafa skilyrði um lágmarksbúsetulengd sem ganga lengra en heimilt er skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga að taka slík ákvæði til endurskoðunar þannig að þau samræmist lögunum.

Vinnuhópur um húsnæðisstuðning sveitarfélagsins er að skoða húsnæðisáætlun Reykjanesbæjar og þar verður tekið tillit til tilmæla ráðherra.

6. Klúbburinn Geysir - styrkumsókn 2019 (2019051318)

Erindi frá Klúbbnum Geysi þar sem óskað er eftir styrk til að styðja við starfsemina.

Velferðarráð þakkar fyrir áhugaverðar upplýsingar um starfsemi Klúbbsins Geysis og óskar honum velfarnaðar. Reykjanesbær hefur lagt áherslu á að vernda og byggja upp starfsemi Þjargarinnar fyrir íbúa á svæðinu. Ekki er hægt að verða við styrkbeiðninni.

Handwritten notes in blue ink: "H.B. GB. JC" and "JB HFP."



7. Fundargerðir stjórnar Öldungaráðs Suðurnesja 4. mars, 1. apríl og 6. maí 2019 (2019050525)

Fundargerðirnar lagðar fram.

8. Fundargerð samtakahópsins 9. maí 2019 (2019050292)

Fundargerðin lögð fram.

Með vísan í niðurstöður könnunar Rannsóknar og greiningar um vímuefnanotkun 8. – 10. bekkinga vill velferðarráð brýna nauðsyn þess að hvergi verði slakað á í forvarnarmálum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:15.

Hauddóra Fréða Þorvaldsdóttir
Jónnas Þingis
Gudny Jóns
Hliefur Þing
Jasmin Óruac